

AUGLÝSING

um deiliskipulag sumarbústaðabyggðar í landi Arnstapa í Ljósavatnshreppi.

Sveitarstjórn Ljósavatnshrepps hefur samþykkt deiliskipulag sumarbústaðabyggðar í landi Arnstapa í Ljósavatnshreppi, samkvæmt skiplags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum. Tillagan var auglýst samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga og hefur verið yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Ljósavatnshreppi, 31. janúar 1999.

F. h. sveitarstjórnar Ljósavatnshrepps,

Helga A. Erlingsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. Að lækka hámarkshraða í 30 km/klst. í botnlanga við Rafstöðvarveg 17-33.
2. Að einstefna verði á Freyjugötu til vesturs milli Njarðargötu og Óðinsgötu og heimilt verði að leggja samsíða beggja vegna götunnar.
3. Að setja tvær 30 km/klst. hraðahindranir á milli Vitastígs og tengigötu við Skúlagötu.
4. Að Korpúlfsstaðavegur austan hringtorgs á mótum Strandvegar, Mosavegar, Víkurvegar og Korpúlfsstaðavegar verði aðalbraut.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. febrúar 1999.

Böðvar Bragason.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að einstefna verði á Vitastíg til suðurs á milli Bergþórugötu og Njálsgötu.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 5. febrúar 1999.

Böðvar Bragason.